

# Sjálfbærniverkefni Alcoa Fjarðaáls og Landsvirkjunar

Símafundur stýrihóps, 19.2.2016 kl. 11:30

**Mætt:** Árni Óðinsson (Landsvirkjun), Freyr Ævarsson (Fljótsdalshérað), Fríða Björg Eðvarðsdóttir (Landvernd), Geir Sigurpáll Hlöðversson (Alcoa Fjarðaál), Guðrún Áslaug Jónsdóttir (Austurbrú), Sigrún Víglundsdóttir (Austurbrú) sem ritaði fundargerð.

Á dagskrá fundar var umræða um ársfund Sjálfbærniverkefnisins.

## Umræður

- Samþykkt að hafa ársfund þriðjudaginn 3. maí í Þingmúla, nýjum fundarsal á hótél Valaskjálfi. Fulltrúi Landsvirkjunar setji fundinn og búið að nefna við bæjarstjóra Fljótsdalshéraðs að hann taki að sér fundarstjórn.
- Tillögu um að stýrihópur og starfsmenn Austurbrúar taki saman yfirlit yfir stöðu verkefnisins var vel tekið. Rætt að fulltrúi stýrihóps kynni niðurstöður á ársfundi og bauð ÁÓ sig fram til þess. Þetta gæti verið inngangur að hópastarfi á fundinum.
- Rætt að á fundinum verði kynnt mismunandi sýn á sjálfbærniverkefnið. Hópastarfið reyndi að fanga sýn fundargesta en í framsögu kæmi fram sýn stýrihóps og reynt yrði að fá fulltrúa Sjálfbærniverkefnis á Norðurlandi til að kynna þær hugmyndir sem þar er unnið með.
- Töluverð umræða var um það hvort hópastarf ætti heima í upphafi dagskrár eða lok. Hópastarf í lok fundar vill oft endurspeglar það sem komið hefur fram í framsögu en á móti kemur að fundarmenn eru komnir inn í umræðuna og hafa meiri upplýsingar til að móða úr. Ef hópastarf hins vegar er í upphafi fundar eru þátttakendur ómótaðir af skoðunum framsögumanna en á hafa á móti minni upplýsingar um verkefnið. Rætt var að fá gest til að flytja „kveikju“ fyrir hópastarfið. Markmiðið væri að vekja menn til umhugsunar og hvetja til hugarflugs. Niðurstaðan var að hugsa málið yfir helgina og taka ákvörðun í gegnum tölvupóst í vikunni 22. – 26. febrúar.
- Vangaveltur hafa verið uppi um aldur verkefnisins. Ragnheiður Ólafsdóttir skoðaði eldri gögn verkefnisins í samráði við Ernu Indriðadóttur, en þær komu báðar að upphafi verkefnisins. Þær leggja til að upphafsdagur verkefnisins sé skilgreindur 18. október 2007, en þann dag var 4. áfangi verkefnisins, framkvæmd, formlega hleypt af stað með fundi í Végarði þar sem helstu þátttakendur verkefnisins mættu til leiks.
- Hugmynd um að streyma ársfundi á netinu var rædd og voru menn sammála að það væri spennandi verkefni. Tæknimenn Landsvirkjunar hafa góða þekkingu á þessum málum enda hefur LV gert töluvert af því að streyma fundum og því rétt að horfa til þess að þeir komi að þessu verkefni.

Fundi slitið kl. 12:10

SV 22-02-2016